



HRUNAMANNAHREPPUR

40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

4. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 15. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Sigfríð Lárusdóttir í forföllum Bjarneyjar Vignisdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 274. fundar skipulagsnefndar frá 14. febrúar 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 274. fundar skipulagsnefndar frá 14. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 16. Ás: Náttúruleigin Hrunalaug; Deiliskipulag.

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Hrunalaugar. Í skipulaginu felst m.a. að skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan svæðisins, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvorra húsa má vera allt að 150 m² og hámarks mænishæð 3 m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaðstöðu fyrir laugina að hámarki 50 m². Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og með framlögðu sameiginlegu bréfi landeigenda vegna skiptingar á hlunnindum jarðanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og með framlögðu sameiginlegu bréfi landeigenda vegna skiptingar á hlunnindum jarðanna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. febrúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. febrúar sl.

JA

DGS

SB

SA
ARJ

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

2. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 18. janúar sl.**
Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **SASS: Fundargerð 606. fundar stjórnar frá 2. febrúar sl.**
Lögð fram fundargerð 606. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 69. stjórnarfundar frá 27. janúar sl.**
Lögð fram fundargerð 69. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

5. **Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 31. janúar 2024.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 629. mál Barnaverndarlög (endurgreiðslur).

Lagt fram til kynningar.

6. **Umsagnarbeiðni frá Matvælaráðuneytinu frá 22. janúar 2024.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Matvælaráðuneytinu um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna umsögn um málið í samvinnu við sveitarstjórnarmenn sem og fulltrúa í Afréttarmála- og Umhverfisnefnd.

7. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 7. febrúar 2024.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hrunamannahrepps um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Hjónaballi Hrunamanna 2024 í Íþróttahúsinu á Flúðum 2. mars 2024 frá kl. 18:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 3. mars 2024.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

8. **Bréf frá SASS frá 2. febrúar 2024.**
Lagt fram bréf frá SASS með bókun stjórnar SASS frá 606. fundi stjórnar vegna heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands.

Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár. Það markaði tímamót þegar samningar náðust um rekstur heimavistarinnar á haustdögum 2020 eftir nokkurra ára tímabil þar sem engin húsnæðisúrræði voru til staðar. Nýtingin á heimavistinni hefur verið mjög góð og það sætir því furðu að ríkið skuli ekki ganga frá samningum um áframhaldandi rekstur hennar þegar fyrir liggur að tilboð barst frá núverandi rekstraraðila. Heimavist við skólann er lykilatridi í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmönnum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi. Framkvæmdastjóra og stýrihópi er falið að fylgja erindinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

Sveitarstjórn tekur undir bókun stjórnar SASS frá 2. febrúar 2024 og skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna

AG

DCS

RB

SL

ARJ

heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands verði eytt hið fyrsta. Sveitarstjórn ítrekar að heimavist við skólann sé lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á hinu gríðarstóra starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi.

9. Erindi frá stýrihóp héraðsskjalavarða, ódags.

Lagt fram erindi frá stýrihóp héraðsskjalavarða vegna stofnunar miðstöðvar héraðsskjalasafns um rafræna skjalavörslu.

Lagt fram til kynningar en Héraðsskjalasafn Árnesinga er þegar aðili að miðstöðinni fyrir hönd sveitarfélaga á svæðinu og safnið hefur þegar hafið móttöku á rafrænum gögnum úr héraði.

10. Húsnæðisáætlun 2024.

Lögð fram Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2024.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina samhljóða með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum en ljóst er að framundan er uppbygging á nýjum svæðum með tilheyrandi íbúafjölgun en íbúafjölgun er þegar langtum meiri en gert var ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir að íbúar yrðu 900 árið 2032. Miðað við forsendur í framlagðri húsnæðisáætlun er gert ráð fyrir því að íbúar verði komnir í um 1.000 um 2025/2026. Vert er að geta þess að lóðaframboð er gott, innviðir sterkir og uppbygging fjölbreyttra atvinnutækifæra í farvatninu.

11. Minnisblað vegna 150 ára fæðingarafmælis Einars Jónssonar, myndhöggvara frá 13.2.2024.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra vegna 150 ára fæðingarafmælis Einars Jónssonar, myndhöggvara.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að þann 11. maí í ár eru liðin 150 ár frá fæðingu Einars Jónssonar, myndhöggvara frá Galtafelli en Einar var brautryðjandi í myndhöggvaralist á Íslandi. Hann lést þann 18. október 1954 og því eru í ár 70 ár frá andláti hans en Einar er jarðsettur ásamt konu sinni í kirkjugarðinum við Hrepphólakirkju.

Einar reisti sér 20 m2 sumarhús að Galtafelli í Hrunamannahreppi þar sem hann og kona hans dvöldu mikið og þangað sótti Einar innblástur margra af sínum bestu verkum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd að leggja fram tillögu að því með hvaða hætti Hrunamannahreppur geti sem best gert þessum tímamótum skil þann 11. maí næstkomandi.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 7. mars 2024.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:42



SL

ALF Alexandía Rís Jóhannsd.

Dáði Geir Sæmelsson

